

**Umsögn Félags háskólamenntaðra ráðstefnutúlka um þingsályktunartillögu um dómtúlka
(150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 348 – 307. mál)**

Reykjavík 26.03.2020

Félag háskólamenntaðra ráðstefnutúlka lýsir ánægju með tillögu til þingsályktunar um dómtúlka og styður hana heils hugar.

Um leið bendir félagið á að í greinargerð með tillögunni er þversögn, þar sem annars vegar er nefnt að hægt væri að nýta við dómtúlkun þekkingu þeirra sem útskrifast úr námsleiðum Háskóla Íslands í nýttjaþýðingum og hins vegar að þýðandi sé ekki endilega góður túlkur.

Okkur þykir nær að nefna til sögunnar meistaranám Háskólans í ráðstefnutúlkun. Sú námsbraut er til, hefur verið kennd og til eru Íslendingar sem hafa íslenska háskólagráðu í ráðstefnutúlkun af og á íslensku. Að okkar mati nær sú menntun yfir alla þætti sem þarf til að geta starfað sem dómtúlkur og það ætti í raun einungis að vera formsatriði að löggilda ráðstefnutúlka með MA-próf sem dómtúlka.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd Félags háskólamenntaðra ráðstefnutúlka

Birna Imsland

formaður

Umsögn Fjölmenningarseturs um tillögu til þingsályktunar um dómtúlka.

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 348 — 307. mál.

Málsnúmer: 2003053

Málalykill: 01.07.00

Ísafjörður 26.03 2020.

Fjölmenningarsetur fagnar framkominni þingsályktun um dómtúlka enda er nauðsynlegt að fjölga dómtúlkum á Íslandi og stuðla að nauðsynlegri nýliðun stéttarinnar.

Fjölmenningarsetur telur þó rétt að gera eftirfarandi athugasemdir við þingsályktunartillöguna:

1. Hugtakið samfélagstúlkur er ekki lögvarið og engar samræmdar hæfniskröfur eru gerðar til þeirra sem starfa sem samfélagstúlkar. Menntun þeirra og hæfni eru því mjög mismunandi.
2. Engir samræmdir gæðastaðlar eru til hjá ríki og sveitarfélögum varandi samfélagstúlka (þrátt fyrir þreifingar þar um) og á hvaða sviðum þeir teljast hæfir til að túlka. Það er mikill munur á því að vera að túlka innan heilbrigðiskerfisins þar sem þörf er á mjög sérhæfðum orðaforða og hugtakaskilningi og því að túlka fyrir dómi þar sem reynir mjög mikið á nákvæmni túlkunarinnar.
3. Með atriði 1 og 2 í huga telur Fjölmenningarsetur brýnt að taka skýrt fram í tillögu sem þessari með hvaða hætti ber að standa að gæðamálum túlkunarinnar, þ.e. menntun og hæfi þeirra túlka sem myndu túlka fyrir dómi.

F.h. Fjölmenningarseturs

Rúnar H. Haraldsson, forstöðumaður.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um dómtúlka, 50. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 348 — 307. mál.

Leitað var sjónarmiða um þingsályktunartillöguna hjá Hugvísindasviði Háskóla Íslands.
Umsögn fræðasviðsins, sem undirbúin var af Gauta Kristmannssyni, prófessor, fylgir.

Virðingarfyllst,
f.h. háskólarektors,
Þórður Kristinsson

Umsögn Hugvísindasviðs Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um dómtúlka.

Tillagan tekur á brýnu málefni fyrir íslenskt dómskerfi vegna þess hve miklar kröfur eru gerðar til þeirra sem fá löggildingu sem dómtúlkar á Íslandi. Staðan núna er sú að skv. lögum nr. 148/2000 er þess krafist að sá sem vill fá að taka dómtúlkapróf hafi þegar staðist próf til löggildingar sem skjalapýðandi af erlendu máli og á erlent mál. Nú er yfirleitt gengið út frá því í háskólakennslu í þýðingum að nemendur þýði á móðurmál sitt, með örfáum undantekningum. Túlkar þurfa vissulega að geta túlkað á erlent mál, en skrifleg þýðing á erlent mál er þrautin þyngr fyrir langflesta, enda er raunin sú að mjög hátt hlutfall þeirra sem reyna að standast löggildingarpróf á erlent mál ná því ekki og geta þar með ekki fengið að reyna við túlkaprófið, þrátt fyrir að hafa staðist próf á móðurmálið með góðum árangri.

Hugvísindasvið Háskóla Íslands býður, eins og segir í tillögunni, upp á nám í þýðingafræði og nytjaþýðingar á meistarastigi, bæði sem eins árs diplóma og einnig til meistaragráðu. Aðsókn að náminu hefur verið góð undanfarin ár og hafa vel á annað hundrað nemendur útskrifast á undanförunum 15 árum, þar af tæplega eitt hundrað með meistaragráðu í þýðingafræði eða nytjaþýðingum. Mjög margir þessara nemenda hafa fengið vinnu við þýðingar og stærstu atvinnurekendur á þessu sviði gera nú kröfu um háskólamenntun í faginu. Hugvísindasvið hefur einnig staðið fyrir námi í ráðstefnutúlkun og samfélagstúlkun, en ekki hefur orðið framhald á því sökum fjárskorts, en slíkt nám er nokkuð kostnaðarsamt vegna sérhæfingarinnar. Þessar námsleiðir gætu til lengri tíma þjónað mjög þeim markmiðum að þjóna dómskerfinu og raunar fjölmörgum öðrum opinberum kerfum þar sem gerð er krafa um túlkun eins og sjá má af eftirfarandi lagagreinum í íslenskum lögum:

- 5. gr. laga um réttindi sjúklinga
- 12 gr. laga um meðferð sakamála
- 25. gr. laga um útlendinga
- 9. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu
- 10. gr. laga um meðferð einkamála
- 36. og 40. gr. laga um fullnustu refsinga
- 14. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg réttindi

- 5. gr. Laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu
- Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda (samþykkt 29/5/2008)

Það er því ljóst að mikil þörf er fyrir túlka, dómtúlka, samfélagstúlka og ráðstefnutúlka, en nám á þessum sviðum er af skörnum skammti, aðeins er boðið upp á námskeið í samfélagstúlkun hjá Mími á framhaldsskólastigi.

Hvað dómtúlkun varðar sérstaklega yrði það til bóta að menn gætu tekið túlkaprófið eftir að hafa náð skjalabýðingaprófinu á móðurmálið, óháð því hvort menn nái því á erlenda málið. Mikilvægt er að halda í þá kröfu að menn standist skriflegt löggildingarpróf á móðurmálið þar sem það sýnir almenna hæfni í þýðingum sem er grundvöllur góðrar túlkunar. Hugvísindasvið Háskóla Íslands telur þó að best væri að tengja nám í túlkun og löggildingarpróf þar sem það tryggir betur faglegan undirbúning túlka jafnt sem þýðenda.